



LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrri helming ársins 2026

Fréttatilkynning 23. júlí 2026



Fréttatilkynning 23. júlí 2026

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrri helming ársins 2026

- Hagnaður Landsbankans á fyrri helmingi ársins 2026 nam 22,1 milljarði króna eftir skatta, samanborið við 18,3 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra. Hagnaður á öðrum ársfjórðungi var 11 milljarðar króna.
- Arðsemi eigin fjár var 13,4% samanborið við 11,5% á sama tímabili árið áður.
- Virðisrýrnun útlána og krafna eykst frá fyrra ári og endurspeglar að hluta endurmat og breytingar á vægi sviðsmynda í ljósi þrálátrar verðbólgu og áframhaldandi óvissu í alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Vanskil eru áfram lág.
- Hreinar vaxtatekjur voru 39,8 milljarðar króna og hækka á milli ára. Bein áhrif verðbólgu eru áfram óvenju mikil. Hreinn vaxtamunur nemur 3,4% en væntur vaxtamunur ársins í heild er 2,9-3,1%.
- Hreinar þjónustutekjur voru 6,2 milljarðar króna, nánast óbreyttar á milli ára.
- Vaxtaálag á íbúðalán m.v. meginvexti Seðlabanka Íslands er lægst 1,25 prósentustig fyrir fasta vexti í 12 mánuði.
- Afkoma af váttryggingarsamningum var 1,6 milljarðar króna og eykst um rúm 50% á milli ára. Samsett hlutfall TM var 89,9% á fyrri helmingi ársins 2026.
- Kostnaður sem hlutfall af tekjum samstæðunnar var 31,5%, samanborið við 35,8% á sama tímabili árið 2025. Hlutfallið lækkar þar sem tekjur aukast en kostnaður helst stöðugur.
- Reiknaður tekju- og bankaskattur var 10,1 milljarður króna samanborið við 8,5 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Aukningin nemur um 18,3%.
- Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 24,7% en fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir heildarkröfu um að lágmarki 20,0% .
- Á aðalfundi bankans þann 18. mars 2026 var samþykkt að greiða 18,9 milljarða króna í almenna arðgreiðslu og 16,1 milljarð króna í sérstaka arðgreiðslu. Samtals nema arðgreiðslur til hluthafa vegna reikningsársins 2025 því 34,9 milljörðum króna. Heildar arðgreiðslur bankans frá 2013 munu því nema 245,5 milljörðum króna.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Uppgjör bankans á fyrri hluta þessa árs er sterkt en undir áhrifum hárrar verðbólgu sem hefur neikvæð áhrif á allt efnahagsumhverfi hér á landi. Rekstur bankans er traustur, framfarir stöðugar á öllum sviðum og ánægja viðskiptavina okkar mikil. Við förum betri saman inn í seinni hálfleik þessa árs.

Það skiptir engu að síður sköpum að ná tökum á verðbólgunni svo lækka megi vaxtastigið í landinu. Vonandi skapast aðstæður til þess sem fyrst en þangað til eru sveigjanlegar lausnir til reiðu fyrir okkar viðskiptavinum, m.a. nýtt greiðslupak á íbúðalán. Landsbankinn er stór lánveitandi á byggingarmarkaði og þar eru blikur á lofti sem endurspeglast t.d. í aukinni virðisrýrnun í uppgjöri bankans. Það er erfitt að sjá að ástandið geti lagast fyrr en vextir lækka og til lengri tíma þarf líka að huga að því að minnka flóknar kvaðir og álögur til að sporna við kostnaði nýrra eigna. Þrátt fyrir þetta er hvetjandi að sjá að ungt fólk er að fjárfesta í húsnæði og fyrsta hálfa árið eru um 55% nýrra fasteignalána vegna fyrstu kaupa og meðallánið er um 44 milljónir króna. Við höfum nýtt vel heimildir Seðlabankans til að veita undanþágu frá reglum um greiðslubyrðarhlutfall, eða í yfir 5% tilvika.

Á síðustu mánuðum hefur bankinn sótt fram af miklum móð. Það hefur verið afar ánægjulegt að bjóða ný fyrirtæki velkomin í viðskipti hjá bankanum og við sjáum sömuleiðis að fólk um allt land er að velja Landsbankann, líka þegar kemur að tryggingum sem nú eru hluti af þjónustu bankans. Viðskiptavinum sem velja tryggingar TM í gegnum Landsbankann hefur fjölgað verulega og á fyrstu sex mánuðum ársins hefur afkoman af tryggingum í samstæðunni verið góð.

Þá kynntum við Vild, vildarkerfi Landsbankans, í byrjun sumars. Vild byggir m.a. á umfangi og lengd viðskiptasambands. Vild er sannarlega beggja hagar og við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir frábærar móttökur.

Landsbankinn er líka á fullri ferð þegar kemur að nýtingu gervigreindar. Við höfum verið spör á yfirlýsingar í þeim efnum því breytingarnar eru hraðar en verkefni innan bankans tengd gervigreind eru mörg og þegar farin að skila góðum árangri. Við innleiðingu nýrrar tækni er það alltaf leiðarljós okkar að mæta þörfum viðskiptavina með mannlegri þjónustu sem styðst við tæknina og gæta að öryggi. Þróunin hefur verið hröð í stafrænni fjármálaþjónustu að undanfögnu og verður enn hraðari í gervigreind. Þá skiptir máli að hjá okkur starfar öflugt fólk hringinn í kringum landið sem hlustar á viðskiptavinum og aðstoðar við alla fjármálaþjónustu. Þetta er sérstaða Landsbankans.

Vel rekinn banki styður samfélag sem skapar verðmæti. Á fyrsta helmingi ársins var áfram gott aðgengi að erlendum lánsfjármagnsmörkuðum og markvisst hefur verið unnið að því að lengja og auka fjölbreytni í fjármögnun bankans. Uppgjörið sýnir að við erum áfram að ná árangri í rekstri samstæðunnar og laða til okkar viðskiptavina sem við leggjum okkur fram við að veita góða þjónustu á sanngjörnum kjörum. Í ár fögnum við 140 ára sögu Landsbankans með því að gera okkur glaðan dag í útibúum okkar í ágúst og hátíðarhöldum í Reykjastrætinu á Menningarnótt.

Landsbankinn er og verður traustur banki fyrir farsæla framtíð.“

Helstu atriði úr rekstri og efnahag á öðrum ársfjórðungi (2F) 2026

Rekstur:

- Hagnaður á 2F 2026 nam 11,0 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 10,4 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2025.
- Arðsemi eign fjár var 13,5% á 2F 2026, samanborið við 13,0% á sama tímabili 2025.
- Hreinar vaxtatekjur voru 19,2 milljarðar króna en þær námu 17,7 milljörðum króna á sama tímabili 2025.
- Hreinar þjónustutekjur námu 3,0 milljörðum króna en voru 3,2 milljarðar króna á 2F 2025. Þjónustutekjur dragast saman um 6,9% á milli tímabila.
- Virðisrýrnun útlána og krafna nam 495 milljónum króna á 2F 2026, samanborið við jákvæða virðisbreytingu upp á 256 milljónir króna á sama tímabili árið 2025. Virðisrýrnun útlána og krafna eykst frá fyrra ári og endurspeglar að hluta endurmat og breytingar á vægi sviðsmynda í ljósi þrálátar verðbólgu og áframhaldandi óvissu í alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Vanskil eru áfram lág.
- Afkoma TM af váttryggingarsamningum var 1,0 milljarður króna á 2F 2026. Samsett hlutfall TM á tímabilinu var 86,2%.

Efnahagur:

- Útlán jukust um 2,6% frá áramótum, eða um 49,4 milljarða króna. Útlán til einstaklinga jukust um 10,6 milljarða króna og útlán til fyrirtækja jukust um 38,8 milljarða frá áramótum. Innlán jukust um 6,5% frá áramótum, eða um 81,3 milljarða króna. Innstæður á sparireikningum í appi hafa aukist um 19,1% frá áramótum.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfall bankans var 244% í lok 2F 2026, samanborið við 180% í lok árs 2025.

Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	1H 2026	1H 2025	Breyting	Breyting%	2F 2026	2F 2025	Breyting	Breyting%
Fjárhæðir í milljónum króna								
Hagnaður tímabilsins	22.074	18.322	3.752	20,5%	10.983	10.382	601	5,8%
Hreinar vaxtatekjur	39.835	32.462	7.373	22,7%	19.224	17.662	1.562	8,8%
Hreinar þjónustutekjur	6.227	6.205	22	0,4%	2.980	3.201	(221)	(6,9%)
Afkoma af váttryggingasamningum	1.566	1.039	527	50,7%	1.026	769	257	33,4%
Aðrar rekstrartekjur	263	2.128	(1.865)	(87,6%)	606	1.042	(436)	(41,8%)
Rekstrartekjur	47.891	41.834	6.057	14,5%	23.836	22.674	1.162	5,1%
Laun og launatengd gjöld	(9.809)	(9.165)	(644)	7,0%	(4.882)	(4.700)	(182)	3,9%
Annar rekstrarkostnaður	(5.941)	(5.837)	(104)	1,8%	(3.009)	(2.769)	(240)	8,7%
Rekstrargjöld	(17.291)	(16.372)	(919)	5,6%	(8.735)	(8.168)	(567)	6,9%
EFNAHAGUR	30.6.2026	31.12.2025	Breyting	Breyting%				
Heildareignir	2.417.277	2.324.939	92.338	4,0%				
Útlán til viðskiptavina	1.933.689	1.884.305	49.384	2,6%				
Innlán frá viðskiptavinum	1.330.575	1.249.306	81.269	6,5%				
Eigið fé	330.550	343.773	(13.223)	(3,8%)				
KENNITÖLUR	1H 2026	1H 2025	2F 2026	2F 2025				
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	13,4%	11,5%	13,5%	13,0%				
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	3,4%	2,9%	3,2%	3,1%				
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,3%	1,3%	1,3%	1,3%				
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	31,5%	35,8%	32,4%	33,3%				
	30.6.2026	31.12.2025	31.12.2024					
Eiginfjárhlutfall alls	24,7%	24,8%	24,3%					
Samtals MREL fjármögnun	43,0%	40,5%	38,2%					
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	28,1%	27,6%	25,5%					
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	181%	163%	143%					
Heildarlausafjárþekja	244%	180%	164%					
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR	978%	1386%	951%					
Vandræðalán	1,2%	0,8%	1,1%					
Meðalstöðugildi	938	917	811					
Stöðugildi í lok tímabils	935	930	822					
*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).								

Fjárhagsdagatal Landsbankans

- 3F 2026 29. október 2026
- Ársuppgjör 2026 4. febrúar 2027